

# MÍT

## Vörðupróf II

### Víóla

Uppbygging Vörðuprófs II við MÍT miðast við uppbyggingu framhaldsprófs. Á Vörðuprófi II í víóluleik skal nemendi leika þrjú verk og eina æfingu. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins.

Verkefni á Vörðuprófi II skulu almennt miðast við léttari verk úr verkefnalista fyrir framhaldspróf.

#### Prófþættir

1. **Þrjú ólík verk** (12 einingar hvert)
2. **Æfing** (12 einingar)
3. **Útdrættir úr hljómsveitarverkum** (12 einingar)
4. **Tónstigar og hljómar** (15 einingar)  
3 tónstigar í þremur áttundum. Brotnir þríhljómar í samsvarandi tóntegundum og gangandi þríundir. Sexundir, áttundir og flaututónar í einni tóntegund.
5. **Val** (10 einingar)  
Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
  - a. Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni.
  - b. Leiki samleiksverk þar sem hann gegnir veigamiklu hlutverki.
6. **Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar)
7. **Heildarsvipur** (5 einingar)

#### Leikmáti og hraði í skólum og tvígripum

Nemandi sýni:

- fjölbreytni í hraðavali
- leiki hraðasta tónstigann eigi hægar en MM fjórðupartur=120 miðað við að leiknar séu áttundupartsnótur
- leiki tvígrip fram og til baka eða með lykkjustroki.